

Alþingi
Erindi nr. P 140/44
komudagur 7.11.2011

Velferðarnefnd Alþingis

Varðar: Kostnað við notkun á heitu vatni og S-merktum lyfjum.


Reykjalundur hefur frá upphafi starfsemi sinnar árið 1945 ekki þurft að greiða fyrir afnot af heitu vatni. Þessi tilhögun byggðist á bókun í Bæjarráði Reykjavíkur frá árinu 1944. Orkuveita Reykjavíkur hefur nú felld þetta fyrirkomulag úr gildi og frá og með árinu 2011 þarf Reykjalundur að greiða fyrir afnot sín af heitu vatni. Þetta er því nýr kostnaðarliður í rekstri stofnunarinnar og bætist við þann 20% niðurskurð á fjárveitingum sem stofnunin hefur þegar orðið fyrir (á verðlagi hvers árs). Kostnaður við heitt vatn á árinu 2011 er u.þ.b. kr. 15 millj.

Kostnaði við S-merkt lyf hefur ekki verið létt af Reykjalundi eins og gert hefur verið við aðrar heilbrigðisstofnanir. Þessi kostnaður er verulega íþyngjandi í rekstrinum og ekki gott ef stofnunin neyðist til þess að horfa til kostnaðar við lyfjanotkun sjúklinga þegar ákvörðun er tekin um innlögn. Fyrstu sjö mánuði þessa árs var kostnaður við S-merkt lyf komin í u.þ.b. kr. 2 millj. og stefnir því í að verða u.þ.b. kr. 3,5 millj. í árslok m.v. svipaða notkun.

Undirritaður f.h. Reykjalundar óskar eftir að tekið verði tillit til þessara kostnaðarliða og að stofnunin fái fjárveitingu til að mæta þeim. Að öðrum kosti þarf að ganga enn harðar fram í niðurskurði með tilheyrandi skerðinu á þjónustu. Nú þegar hefur stöðugildum á Reykjalundi verið fækkað um 32 eða 16% á s.l. þremur árum.

Reykjalundi 7. nóvember 2011

F.h. Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS



Birgir Gunnarsson forstjóri